



Mynd: Þráinn Hauksson 2018, Landslag ehf

## GARÐABÆR - HOLTSTÚN HÚSASKRÁNINGAR VEGNA NÝS DEILISKIPULAGS

GARÐABÆR 2019




## INNGANGUR

Gerð hefur verið húsaskráning vegna deiliskipulagsvinnu fyrir Holtstún á Álftanesi. Skipulagssvið Garðabæjar sá um gerð húsakönnunar, skráð voru 4 hús, allt saman íbúðarhús.

Holtstún er nýtt heiti á götu sem mun tengja íbúðarhús innan deiliskipulagssvæðisins við Norðurnesveg. Ákvæði um húsakönnun er að finna í 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 en þar segir m.a. „þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggða og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar.“

Ákvæði um skráningu menningarminja er að finna í lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætíð fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt. Samkvæmt lögunum eru öll hús og mannvirkji sem eru 100 ára og eldri friðuð. Jafnframt er kveðið á um að eigendum: „...húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skyld að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.“ Gerð var minjaskráning árið 2018 fyrir skipulagssvæðið og sáu Antikva ehf, Ragnheiður Traustadóttir um skráninguna. Minjaskráning afmarkaðist við skipulagssvæðið.




Mynd 1 tillaga að deiliskipulagi fyrir Holtstún á Álftanesi.

## AFMÖRKUN SVÆÐIS

Húsakönnunin afmarkast af deiliskipulagssvæði Holtstúns. Svæðið afmarkast af lóðunum Stekk, Asparvík, Tjörn og Eyvindarholt og nánasta umhverfi þeirra. Deiliskipulagssvæðið er um 6,0 ha að flatarmáli.

## HÚSAKÖNNUN

Húsakönnunin nær til allra húsa innan deiliskipulagssvæðisins, fjögur hús. Nauðsynlegt er að skoða byggðina á svæðinu í heild sinni þar sem varðveislugildi einstakra húsa verður einnig að meta með tilliti til varðveislu heildarinnar.



Mynd 2 Loftmynd sem sýnir svæðið sem húsakönnunin nær til.

## FORNLEIFASKRÁNING

Antvika ehf hefur skráð fornleifar á svæðinu og liggar fyrir fornleifaskráning vegna deiliskipulags Holtstúns frá árinu 2018, greinargerð og kort í viðauka. Eftirfarandi er samantekt úr minjaskýrslunni frá þeim.

„Á umræddu svæði er ekki að finna margar fornleifar. Flestar eru frá seinni tíma, s.s. Stekkjarleifar, Skólavegurinn, garðlag og þústir sem virðast vera manngerðar en ekki var hægt að greina frekar. Yngri minjar, sem ekki eru friðaðar, voru skráðar því að oft má finna eldri minjar undir. Merkilegustu minjarnar á svæðinu eru Skólavegurinn og garður sem stendur að hluta úti í Bessastaðatjörn, að mati skýrsluhöfundar. Vegurinn sést ekki lengur innan deiliskipulagsreitsins en er vel greinilegur sunnan við reitinn.“



Mynd 3 Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir Holtstún (Margrét Valmundsdóttir og Ragnheiður Traustadóttir, 2018).

þá með að ófærilegum grunnum og ófærilegum grunnum, sem eru ófærilegir en ekki ófærilegir, eru ófærilegir og ekki ófærilegir.


Enn er ófærilegur grunnur ófærilegur, en ekki ófærilegur, og ófærilegur grunnur er ófærilegur, en ekki ófærilegur. Þessi reglulegur er ófærilegur grunnur ófærilegur, en ekki ófærilegur, og ófærilegur grunnur er ófærilegur, en ekki ófærilegur.

Enn er ófærilegur grunnur ófærilegur, en ekki ófærilegur, og ófærilegur grunnur er ófærilegur, en ekki ófærilegur.

## UPPBYGGINGARSAGA

Fyrsta tillaga að skipulagi á Álfanesi er frá Gunnlaugi Halldórssyni, arkitekt, frá árinu 1965. Einig er til tillaga frá skipulagsstjóra ríkisins frá árinu 1971 og endurskoðun á aðalskipulagi frá 1978. Hvorug þessara tillagna hlaut staðfestingu.

Fyrsta staðfesta aðalskipulag á Álfanesi, aðalskipulag Bessastaðahrepps 1984-2004 var samþykkt 1985 og staðfest 1986 (Aðalskipulag Álfanes 2005-2024, greinargerð).




Mynd 4 Tilaga að aðalskipulagi Álfaness frá 1965 (Aðalskipulag Álfaness 2005-2024).

Ekkert deiliskipulag hefur verið í gildi fyrir svæðið fyrr en það sem nú er búið að vinna.

Húsin sem húsakönnunin nær til eru byggð frá árinu 1946 til ársins 1978. Elsta húsið er Eyvindarholt en nýjasta húsið er Stekkur en byggt var við Eyvindarholt árið 2004.

Á svæðinu eru fjögur íbúðarhús. Eyvindarholt 1 er ein hæð og ris. Stekkur, Asparvík og Tjörn eru einbýlishús sem standa á þremur stórum lóðum. Við



Mynd 5 Tillaga að aðalskipulagi Álfaness frá 1971 (Aðalskipulag Álfaness 2005-2024).

Asparvík hefur verið byggð stakstæð geymsla.

### YFIRBRAGÐ BYGGÐAR

Ekki er sterk götumynd á svæðinu þar sem húsin standa stök á stórum lóðum í mikilli fjarlægð frá hvor öðru. Þrjú hússanna standa við Bessastaðatjörn en fjórða húsið, Eyvindarholt stendur við Norðurnesveg. Löng aðkeyrsla frá Norðurnesvegi er að Stekk, Asparvík og Tjörn.




Mynd 6 Fyrsta staðfesta aðalskipulag Álfaness var samþykkt 1985 og staðfest 1986 (Aðalskipulag Álfaness 2005-2024).

HÚSASKRÁNING

**Byggingarár: 1945****Eyvindarholti 1****Eyvindarholt**

Fyrsti eigandi: Ármann Pétursson og Jóhanna Stefánsdóttir  
Hönnuður: Sigurður Geirsson, breyting 1960

Upphafleg notkun: Frístundir/sumarhús  
Núverandi notkun: Íbúð



Eyvindarholt ca 1945



Eyvindarholt, Þráinn Hauksson, 2018

**Gerð húss: Upphafleg:**

Byggingarefní: Timbur, bindingar

Útveggir:

þakgerð: Mænisþak

þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Ris

Viðbygging

**Núverandi:**

Timbur, bindingar

Bárujárn

Mænisþak

Bárujárn

Elnlyft

Ris

Viðbygging

**Helstu breytingar:**

1946 Bílskúr reistur

1960 Stofuálfma með einhalla þaki og hallandi vesturvegg.

2004

**Hönnuðir breytinga:**

Ármann Pétursson Eyvindarholti, Arkitekt

Sigurður Geirsson, Arkitekt

Finnur Björgvínsson, Hilmar Þór Björnsson, Sigríður Ólafsdóttir,

**Saga**

Húsið er hluti af búsetulandslagi 20 aldar og er nýbýli út úr Eyvindastöðum og þar var stundaður landbúnaður um tíma. Það stendur úti á opnu svæði austan Norðurmesvegar og hefur nokkuð lengi venð hluti af yfirbragði byggðarinnar. H

Upphaflegir eigendur og byggjendur voru Ármann Pétursson og Jóhanna Stefánsdóttir.

Sigurður Geirsson, þá starfsmáður Þóris Baldvinssonar á teiknistofu landbúnaðarins, teiknaði viðbygginguna 1959 eða 1960.

Upphaflega húsið frá 1945 var byggt sem íbúðarhús í húsnæðiskreppu eftirstríðsáraðanna á landsspildu úr jörð foreldra Jóhónnun (til varanlegrar búsetu, ekki til bráðabirgða).

EKKI ER VITAÐ HVER GERÐI FÝRSTU TEIKNINGUNA (UNDIRSKRIFT RÍFIN AF HOMI TEIKNINGAR) EN ÁRMANN PÉTURSSON SMÍÐAÐI ÞAÐ AÐ MESTU SJÁLFUR.

Ármann og Jóhanna voru með áform um að flyja í bærin seimra meir og ætuðu þá að nýta húsið sem sumarhús. Af því varð þó aldrei og því ákváðu þau að staðkka húsið stuttu áður en Pétur Ármansson fæddist en húsið var æskuheimili Péturs Ármanssonar arkitekts og helsta byggingarsógufræðings þjóðarinnar.

Garður var hannaður af Sigurði Albert Jónssyni.

Húsið er mildö breytt frá upphaflegri mynd. Nýr eigendur keyptu húsið ánð 2002 sem létu gera miklar breytingar og hannaði Sigríður Ólafsdóttir arkitekt þær breytingar.


**Varðveislumat:**

Listraent gildi / Byggingarlist:	Lágt	Húsið var reist sem íbúðarhús um og eftir 1945. Árið 1960 var byggt við það. Listraent gildi getur ekki talist hátt.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Dæmi um nýbýlamynndun um miðbik 20.aldar. Æskuheimili Péturs Ármanssonar arkitekts og helsta byggingarsógufræðings þjóðarinnar.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið er hluti af búsetulandslagi 20 aldar og er nýbýli út úr Eyvindastöðum og þar var stundaður landbúnaður um tíma. Það stendur úti á opnu svæði austan Norðurmesvegar og hefur nokkuð lengi
Upprunalegt gildi:	Lágt	Hefur mikil verið breytt frá upphaflegri mynd.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ástand hússins er gott að því séð verður.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Mat á varðveislugildi byggir helst á umhverfis- og menningarsögulegs gildi hússins.
Verndarflokkar:		

**Byggingarár: 1965****Tjörn****Tjörn**

Fyrsti eigandi: Ólafur Stefánsson og Þórunn Árnadóttir  
Hönnuður: Jósef Reynis og Gísli Halldórsson

Upphafleg notkun: Íbúð  
Núverandi notkun: Íbúð



1963



Þráinn Hauksson, 2018

**Gerð húss: Upphafleg:**

Byggingarefni: Steinsteyp

Útveggir: Múrsléttad

þakgerð: Mænlispak

þakklæðning: Mótaðar málmplötur

Undirstaða:

Útlit: Reykháfur

Útlitroppur

Einhlyft

**Núverandi:**

Steinsteyp

Steniklaðning

Mænlispak

Mótaðar málmplötur

Einhlyft

**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytingar:****Saga**

Húsið er byggð 1965 og eru arkitektar hússins í hópi afkastamikilla og áhrifaríkra arkitekta 20.aldar. Byggingin getur seint talist til bestu verka höfunda.

Lega hússins segir söguna af því þegar húseigendur velja sér fallegan stað á vatnsbakka fyrir heimili sitt. Náttúrúrómantík.

Geymsluskúr var byggður 1990 24,75m<sup>2</sup>. Húsið er óbreytt nema gróf málmplótuklæðning og steniplötur á hluta veggja. Blárlitur þaksins er upprunalegur litur. Teiknað af Guðmundi A. Guðmundssyni

**Varðveislumat:**

**Listrænt gildi / Byggingarlist:** Miðlungs Arkitektar hússins eru í hópi afkastamikilla og áhrifaríkra arkitekta 20.aldar. Byggingin getur seint talist til bestu verka höfunda.

**Menningarsögulegt gildi:** Miðlungs Teiknað af þekktum arkitektum.

**Umhverfisgildi:** Miðlungs Lega hússins segir söguna af því þegar húseigendur velja sér fallegan stað á vatnsbakka fyrir heimili sitt. Náttúrúrómantík.

**Upprunalegt gildi:** Miðlungs Hefur lítið verið breytt.

**Tæknilegt ástand:** Miðlungs Húsið virðist í ágaetú ástandi.


**Varðveislugildi:** Miðlungs Vegna listræns gildis, umhverfisgildis og menningargildis.

**Verndarflokkar:**

**Byggingarár: 1967****Asparvík 1****Asparvík**

Fyrsti eigandi: Úlfar Ármannsson og Bryndís Ásgeirsdóttir  
Hönnuður: Kjartan Sveinsson

Upphafleg notkun: Íbúð  
Núverandi notkun:



Teikning frá nóv. 1967



Asparvík 1, þráinn Hauksson tók myndina árið 2018

**Gerð húss: Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytingar:**

Byggingarefní:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsíéttad	Múrsíéttad
Bakgerð:	Flatt þák	Flatt þák
Bakklæðning:		Pappi
Undirstaða:		
Útlit:	Reykjháfur	Einlyft
	Útitröppur	Reykjháfur

Múrsíéttad
Flatt þák
Pappi
Einlyft
Reykjháfur

**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytingar:****Saga**


Húsið er byggt 1967 og er dæmi um funkistímabil Kjartans Sveinssonar sem var afkastamesti sérþýlshúsahönnuður síðari hluta 20.aldar. Eitt af húsum Kjartans á undan Alhambra-skeiði í höfundaverki hans. Hefur lítið sem ekkert verið breytt, glugger endurnýjaðir. Hlutföll nokkuð góð og þokkalegt yfirbragð. Dæmi um náttúrúromantík i staðarvali eins og aðrar byggingar á tjarnarbakkanum.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Dæmi um funkistímabil Kjartans Sveinssonar sem var afkastamesti sérþýlshúsahönnuður síðari hluta 20.aldar. Hlutföll nokkuð góð og þokkalegt yfirbragð.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Eitt af húsum Kjartans Sveinssonar á undan Alhambra-skeiði í höfundaverki hans.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Dæmi um náttúrúromantík i staðarvali eins og aðrar byggingar á tjarnarbakkanum.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Hefur lítið sem ekkert verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu ástandi að því er virðist.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Vegna þokkalegs yfirbragðs og höfundar.
Verndarflokkar:		

**Byggingarár: 1978**

Fyrsti eigandi: Aðalsteinn Hermannsson og Jóhanna  
Hönnuður: Þorlák Magnússon

**Stekkur**

Teikning frá 1978

Upphafleg notkun: Ibúð  
Núverandi notkun: Ibúð

**Stekkur**

Stokkur, Þráinn Hauksson, 2018

**Gerð húss: Upphafleg:**

Byggingarefni: Steinsteyp  
Útveggir: Múrsléttar  
Þakgerð: Flatt þak  
Þakklaeðning: Pappi  
Undirstaða:  
Útlit:

**Núverandi:**

Steinsteyp  
Múrsléttar  
Flatt þak  
Pappi  
Einlyft

**Helstu breytingar:**

Innrafyrirkomulag bískúrs.

**Hönnuðir breytingar:**

Árni Þór Helgason, Arkitekt

**Saga**

Húsið er eitt af fyrstu einbýlishúsum Benjamíns Magnússonar, byggt árið 1978. Það er hluti af höfundarverki hans og dæmi um byggingarlist undir áhrifum frá "franska skólanum". Náttúrurómantískt staðarval. Húsinu hefur ekki verið breytt og í rauð aldrei full klárað og frágengið skv teikningum en gerðar voru breytingar á últí og innra fyrirkomulagi bifreiðageymslunnar, september 1993, hannað af Áma Þór Helgasyni arkitekt.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist: Hátt Eitt af fyrstu einbýlishúsum Benjamíns Magnússonar. Hluti af höfundarverki hans og dæmi um byggingarlist undir áhrifum frá "franska skólanum".

Menningarsögulegt gildi: Hátt Vegna höfundarins.

Umhverfisgildi: Miðlungs Náttúrurómantískt staðarval.

Upprunalegt gildi: Hátt Ekki verið breytt.

Tæknilegt ástand: Hátt

**Varðveislugildi:** Hátt Vegna byggingarsögulegs og menningarsögulegs gildis.

Verndarflokkar:

## VARÐVEISLUMAT

Við mat á varðveislugildi er mat lagt á fjóra þætti: *Byggingarlist eða listrænt gildi, menningarsögulegtgildi, umhverfisgildi og upprunalega gerð*. Niðurstaða úr þessum matsþáttum er varðveislugildið og á því byggjast tillögur um varðveislu og verndun.

Byggingarlist er m.a. mat á hlutföllum, samsvörun í últiti og úrvinnslu einstakra byggingarhluta ásamt því að skoða samspil forms, efnismeðferðar og notagildis. Matið er miðað við últit hússins eins og það er þegar matið fer fram og er þá lagt mat á þær breytingar sem gerðar hafa verið á húsinu í gegnum tíðina. Einnig er metið hvort um er að ræða tæknilegar nýjungrar eða efnisval miðað við byggingartíma hússins.

Menningarsögulegt gildi byggir m.a. á því hvort sögufrægir atburðir og/eða persónur tengjast húsinu eða að það standi á sögufrægum staði.

Umhverfisgildi er m.a. metið út frá mikilvægi hússins fyrir nærliggjandi hús, götumynd eða hverfi og færð rök fyrir mikilvægi þess í umhverfi sínu. Jafnframt er lagt mat á hvort staðsetning húss í landslagi eða á lóð falli að umhverfinu eða ekki.

Upprunaleg gerð hússins er metin út frá því hvernig upprunaleg gerð þess hefur varðveist í gegnum árin og reynt að leggja mat á hvernig til hefur tekist með viðgerðir, viðbyggingar eða breytingar á húsinu og hvort þær styrki eða veiki mikilvæga byggingarhluta hússins eða húsið í heild sinni.

Varðveislugildi hússins er síðan metið út frá þessum þáttum, en hafa ber í huga að mat á byggingarlist, menningarsögu og umhverfis vega þyngst. Taka skal fram að mat á varðveislugildi húsa eða byggðar verður alltaf huglægt mat sem aldrei er hafið yfir gagnrýni eða vafa. Nýjar upplýsingar eða breytingar á húsi geta leitt til endurmats á því og breytt varðveislugildi þess.

## NIÐURSTÖÐUR VARÐVEISLUMATS

Á athugunarsvæðinu eru fjögur byggð hús. Tvö þeirra eru hönnuð af arkitektum, Stekkur af Benjamín Magnússyni og Tjörn af þeim Gísla Halldórssyni og Jósef Reynissyni. Þessir arkitektar eiga það sameiginlegt að vera í hópi áhrifaríkra og afkastamikilla arkitekta á Íslandi á síðari hluta 20. aldar. Eru húsin því hluti af höfundaverkum hvers þeirra. Höfundar þessara húsa hækka því varðveislumat með þeim. Stekkur fær að auki betra mat fyrir listræna hönnun og sem gott dæmi um einbýlishúsahönnun höfundar.

Ekki er talið tilefni til verndunar eða friðlýsingar á húsum sem húsakönnunin nær til.

